

Nefndasvið Alþingis

Alþingishúsinu

101 Reykjavík

Selfossi, 27. maí 2024

**Efni: Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997, 925. mál, 154. löggjafarþings 2023-2024.**

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn laganefndar LMFÍ við framangreint frumvarp, dags. 13. maí sl.

Um er að ræða ansi viðamikið frumvarp sem felur í sér talsverðar breytingar á fyrirkomulagi lögræðismála, bæði hjá dómstólum og í stjórnarsýslunni. Laganefnd telur meirihluta þeirra breytinga sem frumvarpið kveður á um vera til góðs en sér ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir.

Í 29. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að breytingu á 56. gr. laganna sem miðar að því að ekki megi skipa lögráðamenn til lengri tíma en fimm ára þrátt fyrir að svipting lögræðis hafi verið ákveðin til lengri tíma. Laganefnd veltir fyrir sér hvort þetta verði raunverulega sá öryggisventill sem ætlast er til og komi raunverulega til með að bæta eftirlit yfirlögráðanda með störfum lögráðamanna eða hvort aðrar aðferðir við slíkt eftirlit sem þegar eru til staðar séu fullnægjandi. Þá telur laganefnd að mögulegt sé að þessi breyting sé til þess fallin að skapa aukið álag á sýslumannsembættið og praktísk vandamál fyrir lögráðamenn og svipta. Telur laganefnd að þetta þurfi að skoða betur með það að markmiði að meta ávinning af þessari breytingu til móts við óhagræðið sem af henni gæti hlotist.

Í 31. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að breytingu á 58. gr. laganna sem miðar að því að lögráðamenn skuli tilkynna yfirlögráðanda á sérstöku eyðublaði í hvert skipti sem lögráðamaður hefur tekið ákvörðun um að leggja þurfi sjálfræðissviptan einstakling inn á stofnun gegn vilja hans. Laganefnd telur nauðsynlegt að koma því á framfæri að í framkvæmd er mikill misbrestur á því að haft sé samráð við lögráðamenn þegar sjálfræðissviptir einstaklingar eru lagðir inn á stofnun gegn vilja þeirra. Afar sjaldgæft er að leitað sé eftir samþykki lögráðamanna fyrir innlögninni og oftast er ekki er það ýmist tilkynnt seint og síðar meir eða alls ekki. Er það þá í raun eingöngu meðferðarlæknir sem metur nauðsynlegt að leggja viðkomandi inn og ekki er leitað eftir samþykki lögráðamanns. Þessi framkvæmd stríðir gegn gildandi lögræðislögum og hafa lögmenn, m.a. undirrituð, ítrekað gert athugasemdir við þetta við starfandi lækna á geðsviði, bæði á Hringbraut og á Kleppi. Til þess að sú breyting sem 31. gr. frumvarpsins miðar að geti verið virk þá þarf kerfið að fara að lögum og hafa samband

við lögráðamenn þegar sjálfræðissviptir einstaklingar eru lagðir inn gegn vilja sínum. Lögráðamaður tekur þá ákvörðun um hvort hann fallist á innlögnina og skilar þá um það viðeigandi eyðublaði til sýslumanns. Eigi að breyta lögnum með þessum hætti þarf þessi breyting að haldast í hendur við breytt verklag á geðsviði.

Í 32. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að breytingu á 60. gr. laganna sem miðar að því að lögráðamenn skuli bera ábyrgð á gögnum hins svipta sem pósthólf í miðlægri þjónustugátt inniheldur. Segir í greinargerð með frumvarpinu að ákvæði þetta sé til áréttingar á hlutverki lögráðamanns skv. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Það ákvæði kveður þó eingöngu á um aðgang að pósthólfi en ekki ábyrgð á gögnum í pósthólfi. Eðlismunur er á þessu tvennu samkvæmt orðanna hljóðan. Það að gera skipuðum lögráðamanni að bera ábyrgð á gögnum hins svipta í pósthólfi í miðlægri þjónustugátt er mjög víðtækt og að mati laganefndar ekki endilega í eðli hlutverks skipaðs lögráðamanns. Það er hlutverk skipaðs lögráðamanns að taka nauðsynlegar ákvarðanir sem hinn svipti er ekki fær um að taka og grípa inn í þegar þörf krefur. Það er ekki hlutverk skipaðs lögráðamanns að vera einskonar staðgengill foreldris og hafa yfirumsjón með öllum mögulegum málum viðkomandi skjólstæðings. Ýmis gögn berast í téð pósthólf sem fæst varða hlutverk skipaðs lögráðamanns eða falla innan þeirra skyldna sem hann sinnir.

Auk þessa má velta fyrir sér hinum praktíska anga þessa ákvæðis. Ef lögráðamaður á að bera ábyrgð á gögnum í pósthólfinu þarf honum sannanlega að berast tilkynning um þau þegar þau berast. Lögmenn sem starfa mikið sem lögráðamenn hafa ítrekað rekist á stafrænar hindranir þegar kemur að aðgangi að stafrænum svæðum lögræðissvipts skjólstæðings og hvað þá þegar kemur að samræmingu á aðgangi lögráðamanns og aðgangi skjólstæðings. Svona praktísk atriði þurfa að vera á hreinu og klár til notkunar áður en hægt er að festa ákvæði sem þetta um ábyrgð lögráðamanna í lög. Með tilliti til alls framangreinds leggur laganefnd því til að ákvæðinu verði breytt til samræmis við ákvæði 4. mgr. 3. gr. laga nr. 105/2021 og kveði eingöngu á um aðgang að gögnum en ekki ábyrgð á gögnum.

Að endingu vill laganefnd benda á að um þóknunir til handa þeim sem sinna störfum lögráðamanna gilda reglur sem settar voru af innanríkisráðuneytinu á sínum tíma, nr. 965/2015, með stoð í 62. gr. lögræðislaga. Reglur þessar voru settar árið 2015 og hafa ekki verið uppfærðar síðan. Samkvæmt reglunum fá lögmenn sem sinna störfum lögráðamanna greiddar kr. 16.500 auk virðisaukaskatts fyrir hverja unna klukkustund. Þessi krónutala hefur ekki verið uppfærð í 9 ár. Aðrar viðmiðunarreglur um þóknunir til lögmanna vegna starfa í málum í þágu hins opinbera hafa þó verið uppfærðar, s.s. vegna starfa lögmanna í sakamálum, sbr. reglur dómstólasýslunnar um málsvarnalaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2024. Fyrir vinnu í slíkum málum greiðast kr. 26.000 auk virðisaukaskatts fyrir hverja unna klukkustund. Algerlega óljóst er hverju þessi mismunur sætir og telur laganefnd að endurskoða þurfi framangreindar reglur um þóknunir til lögráðamanna.

## LAGANEFND LMFÍ

Fulltrúar laganefndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar ef þess er óskað eða með öðrum hætti veita frekari upplýsingar eða umsögn um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ



Kristín Elsa Harðardóttir